

LÖG

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 60/1998 (framlenging gildistíma).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða V í lögunum:

- a. B-liður 1. mgr. orðast svo: Skyldu flugrekanda/umráðanda loftfars til að tilkynna lög-gæsluyfirvöldum hér á landi, innan tilgreinds tíma, um nafn farþega, vegabréfsnúmer og flugnúmer, enda hafi farþegi ekki forskráð sig eða framvísað tilskildu vottorði eða staðfestingu skv. a-lið.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Skyldu flugrekanda/umráðanda loftfars til að upplýsa farþega um afleiðingar þess ef farþegi hefur ekki forskráð sig eða framvísað vottorði eða staðfestingu skv. a-lið.
- c. 2. mgr. fellur brott.
- d. Í stað orðanna „einstakling eða lögaðila fyrir brot“ í 1. málsl. 4. mgr. kemur: flugrekanda/umráðanda loftfars ef hann brýtur.
- e. 9. mgr. orðast svo:
Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. júlí 2022.

2. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 30. desember 2021.

Guðni Th. Jóhannesson.
(L. S.)

Sigurður Ingi Jóhannsson.